

1. ÞING
KRAFTLYFTINGASAMBANDS
ÍSLANDS



ÞINGGERÐ

Fyrsta þing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið í fundarsal Íþróttamiðstöðvarinnar á Jaðarsbökkum, Akranesi, laugardaginn 29. janúar 2011. Þingið hófst kl. 17.00

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þess

Sigurjón Pétursson, formaður KRAFT, setti þingið og bauð þingkonur og -menn velkomin. Hann flutti kveðju og velfarnaðaróskir frá Ólafi E. Rafnssyni forseta ÍSÍ og Líney Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ og þakkaði í framhaldinu fyrir alla þá aðstoð og stuðning sem sambandið hafi fengið frá þeim og öðrum starfsmönnum ÍSÍ. Sigurjón las líka kveðju sem hafði borist þinginu frá ráðherra mennta- og menningarmála.

Í lögum um kraftlyftingaþing segir að halda skuli þingið fyrir 1. febrúar ár hvert og boða rafrænt með mánaðar fyrirvara. Sigurjón lýsti yfir lögmæti þingsins og að rétt hafði verið til þess boðað.

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd.

Lögð var fram tillaga um Gry Ek, Maríu Guðsteinsdóttur og Birgi Viðarsson og var hún samþykkt með lófataki.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta.

Lögð var fram tillaga um Sturlaug Sturlaugsson, formann framkvæmdastjórnar ÍA sem þingforseta og Hjalta Árnason til vara. Tillagan var samþykkt með lófataki. Sturlaugur þakkaði traustið og tók við stjórn þingsins.

4. Kosning þingritara og varaþingritara.

Lögð var fram tillaga um Gry Ek sem þingritara og Maríu Guðsteinsdóttur til vara og var hún samþykkt með lófataki.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram.

Þar sem þetta er 1. þing Kraftlyftingasambandsins var engri slíkri til að dreifa. Þingforseti benti á að stofnþinggerð sambandsins er aðgengileg á heimasíðu sambandsins.

6. Ávörp gesta.

Enginn gestur kvaddi sér hljóðs, en þingforseti tók til máls sem fulltrúi ÍA og fagnaði komu Kraftlyftingasambandsins í húsið og tilkomu Kraftlyftingafélags Akraness í ÍA. Hann sagði að þetta væri sérstaklega duglegir og drífandi félagar og góður andi sem fylgdi þeim.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt.

Gry kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Samkvæmt lögum KRAFT voru gefin út kjörbréf til 25 fulltrúa frá 7 héraðssamböndum/íþróttabandalögum. Á þinginu voru mættir 16 fulltrúar með löglega undirrituð kjörbréf:

Fra Ármanni: María Guðsteinsdóttir, Ingimundur Björgvinsson og Fannar Gauti Dagbjartsson

Frá kraftlyftingadeild UMF Selfoss: Bryndís Ólafsdóttir

Frá Kraftlyftingafélagi Akraness: Kári Rafn Karlsson, Hermann Hermannson og Heimir Björgvinsson.

Frá Kraftlyftingadeild Breiðabliks: Halldór Eypórsson, Helgi Hauksson og Krzysztof Pokojnski

Frá Kraftlyftingafélagi Mosfellsbæjar: Hjalti Árnason

Frá Kraftlyftingadeild Sindra: Ingi Stefán Guðmundsson og Kolbrún Þ. Björnsdóttir

Frá Kraftlyftingadeild UMFN Massa: Sturla Ólafsson, Stefán Sturla Svavarsson og Gunnlaug F. Olsen

Álit kjörbréfanefndar samþykkt.

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Lögð var fram tillaga um Kára Rafn Karlsson, Sigurjón Pétursson og Birgi Viðarsson í fjárhagsnefnd, Helga Hauksson, Hörð Magnússon og Guðjón Hafliðason í laganefnd og Hermann Hermannsson, Bryndís Ólafsdóttur og Halldór Eyþórsson í allsherjarnefnd.

Tillagan samþykkt.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Sigurjón flutti skýrsluna og hér má sjá hana í heild sinni:

Ágæta kraftlyftingafólk, velkomin til þessa fyrsta ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik innan vébanda Íþróttá –og Olympíusambands Íslands fyrir um ári síðan.

Aðeins til upprifjunar þá var það í desember 2008 sem við samþykktum að ganga í ÍSí og fyrsta skrefið var stofnun undirbúningsnefndar kraftlyftingasambands innan vébanda ÍSí. Sú nefnd var stofnuð á vormánuðum 2009. Í kjölfar þess var síðan á Íþróttapingi vorið 2009 samþykkt heimild til framkvæmdastjórnar ÍSí að stofna Kraftlyftingasamband Íslands þá þegar komin væru á legg kraftlyftingafélög í 5 héraðssamböndum hið fæsta.

Kraftlyftinganefndin hófst því handa um að koma á legg kraftlyftingafélögum. Hinn 15. desember 2009 ritaði nefndin framkvæmdastjórn ÍSí bréf þar sem hún beindi þeim tilmælum til framkvæmdastjórnarinnar að nýta sér heimild Íþróttapings til stofnunar kraftlyftingasambands þar sem skilyrðum um lágmarksfjölda héraðssambanda hafði þá þegar verið fullnægt. Félögin voru þá orðin 8. Þau voru:

*Kraftlyftingadeild Breiðabliks UMSK
Kraftlyftingadeild Ármanns ÍBR
Kraftlyftingadeild UMF Selfossi UMS
Kraftlyftingadeild UMF Sindra Höfn UMF Sindri
Kraftlyftingadeild UMF Njarðvíkur UMFN
Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar UMSK
Kraftlyftingafélag Akureyrar ÍBA
Kraftlyftingafélag Akraness ÍA*

Framkvæmdastjórn ÍSí fór að tilmælum okkar og þann 15. apríl 2010 var Kraftlyftingasamband Íslands stofnað.

Nú í janúar var síðan stofnað 9. félagið, Kraftlyftingafélag Seltjarnarness Zetorar UMSK og vil ég að við bjóðum þá innilega velkomna með lófaklappi.

Rétt er einnig að geta þess að á morgun sunnudag þ. 30. janúar verður stofnað nýtt kraftlyftingafélag í Garðabæ Kraftlyftingafélag Garðabæjar Heiðrún.

Á stofnfundi Kraftlyftingsambands Íslands voru eftirfarandi kosin í stjórn sambandsins:

*Sigurjón Pétursson formaður
Guðjón Hafliðason varaformaður
Gry Ek Gunnarsson ritari*

Kári Rafn Kárason gjaldkeri
Birgir Viðarsson meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir þeir Auðunn Jónsson, Hjalti Úrsus Árnason og Einar Már Ríkarðsson.

Stjórnin hefur haldið 9 bókaða stjórnarfundum og einn formannafund. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. menntamálaráðherra, formannafundur sérsambanda ÍSÍ svo og náttúrulega fjöldinn allur af símtölum og snúningum. GSM kostnaður stjórnarmanna er verulegur. Áður en lengra er haldið vil ég þakka stjórnarmönnum hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera frábært ár með frábærri áhöfn.

Mér þykir rétt að rifja upp hvert er hlutverk og tilgangur KRAFT. Í lögnum segir að KRAFT eigi að vera æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra kraftlyftingamála
- b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarféлага
- d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
- f. að standa að menntun kraftlyftingabjálfa og veita þeim tilskilin réttindi
- g. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum
- h. að standa vörð um uppeldislegt gildi kraftlyftinga á Íslandi
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða kraftlyftingar á Íslandi

KRAFT er aðili að:

- a. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSÍ)
- b. Alþjóða kraftlyftingasambandinu, (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

Félagssfánar og merki. Guðjón Hafliðason endurhannaði merki KRAFT í upphafi ársins og í tengslum við stofnun sambandsins voru útbúnir tveir nýjir sambandsfánar. Guðjóni eru þökkun störf hans við þetta verkefni sem var vel af hendi leyst.

Mótahald svo og að rækta félögin og vinna að stofnun nýrra er miklægur þáttur í eflingu kraftlyftinga í landinu. Haldin hafa verið mörg mót bæði á vegum KRAFT svo og

innanfélagamót. Mótahald allt hefur farið mjög vel fram og er í föstum skorðum. Félögin sjá um mótahaldið alfarið og er það stefna stjórnar KRAFT að sambandið sjálft sé ekki mótshaldari einstakra móta heldur eigi stjórnin að einbeita sínum kröftum að öðrum þáttum. Félögin hafa staðið sig mjög vel í þessu mótahaldi. Allri skráning keppenda hefur verið komið í fastari skorður en áður.

Á mótaskrá sambandsins eru 12 innanlandsmót þetta árið og 11 erlend mót. Það er því mikil gróska í mótamálum. Á árinu áttum við þátttakendur á 5 erlendum mótum. 3 kepptu fyrir hönd Íslands á EM í Svíþjóð þau María Guðsteinsdóttir, Auðunn Jónsson og Árni Freyr Stefánsson. 3 kepptu á NM í Bergen þau Lára Bogey Finnbogadóttir og María Guðsteinsdóttir og Auðunn Jónsson. Lára og Auðunn fengu silfur og María gull. Tveir kepptu á HM í Suður Afríku þau María Guðsteinsdóttir og Auðunn Jónsson. Á heimsmeistarmótinu í bekkpressu sem fram fór í Texas áttum við einn keppanda Telmu Ólafsdóttur. Og Fannar Gauti Dagbjartsson keppti síðan á EM öldunga sem fram fór í Tékklandi. María Guðsteinsdóttir varð Norðurlandameistari á mótinu í Bergen og bárust okkur eftirfarandi kveðjur í því tilefni:

„Sælir félagar, Vil óska ykkur til hamingju með glæsilegan árangur á nýafstöðnu Norðurlandamóti. Bið ykkur aðkoma hamingjuóskum á framfæri við stjórn Kraftlyftingasambands Íslands, sem og viðkomandi keppendur.

Með bestu kveðju, Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSÍ“

Framkoma keppenda á mótum hefur verið til fyrirmyndar að undanteknum tveimur tilfellum þar sem menn hafa látið vonbrigði sín með sinn eigin árangur koma fram í framkomu sinni. Slíkt er ekki íþróttamannslegt og hvet ég alla til að sýna af sér sanna íþróttamanns framkomu. Eins og ég sagði þá hefur framkoma nánast allra verið til mikillar fyrirmyndar.

Nokkuð hefur verið unnið í að rækta félögin og sambandið milli sambandsins og félaganna. Þannig höfum við formaður og varaformaður heimsótt nokkur félög á árinu og nú nýlega var síðan stofnað nýtt félag sem nefnist Kraftlyftingafélag Seltjarnarness Zetorar og á morgun verður stofnað nýtt félag í Garðabæ eins og fyrr er getið. Gaman væri að við gætum stofnað tvö ný félög á árinu sem er að hefjast.

Eitt af því sem er mikilvægt til að efla kraftlyftingarnar er að allt upplýsingastreymi sé í góðum farvegi. Heimasíða sambandsins gegnir hér lykilhlutverki. Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu og vil ég nota tækifærið og þakka Klaus Lagefoged Jensen fyrir hans mikla og óeigingjarna framlag við þá vinnu alla. En það er ekki nóg að vera með gott kerfi og útlit. Það þarf líka að vera sífellt að setja inn fréttir, fundarboð, fundargerðir, tilkynningar um mót ofl. ofl. Ritari sambandsins Gry Ek Gunnarsson hefur lyft grettistaki í þessu sambandi. Má sem dæmi nefna að aðeins nú í janúar eru komnar 27 fréttir og færslur á heimasíðuna og á 10 sl. mánuðum eru komnar yri 130 færslur. Hún er því sannarlega lifandi síða. Gefum Gry gott klapp.

Goodlift tölvukerfið var keypt á árinu. Kerfið er til að halda utan um allt sem gerist á mótum og var tekið í notkun á Reykjavík International Games um síðustu helgi og var einnig notað nú í dag hér á Akranesi á bekkpressumótinu. Forritið og birtingarmöguleikar sem það býður upp á fyrir keppendur, áhorfendur og starfsmenn gjörbreyta öllu upplýsingaflæði og keppnir ganga hraðar og markvissar fyrir sig. Félög þau sem mynda KRAFT lögðu saman í sjóð til að kaupa hugbúnaðinn í tilefni 60 ára afmælis þess sem hér stendur þann 22. júní sl. Ég vil því

nota tækifærið til að þakka þessa frábæru gjöf, þann heiður sem mér var sýndur og veit að hún mun verða mjög gagnleg fyrir sambandið. Þökk sé ykkur öllum.

Félagakerfi ÍSÍ og UMFI Felix leikur lykihlutverk í allri starfsemi sambandanna. Lögð hefur verið mikil áhersla á að allir sem iðka kraftlyftingar séu skráðir í Felix og hefur náðst góður árangur. Nú eru um 400 iðkendur kraftlyftinga skráðir í Felix. Ég hvet félögin til að vera dugleg við þessa skráningu. Felixskráningin er notuð sem grundvöllur fyrir úthlutun Lottótekna svo eitthvað sé nefnt og þegar greinin er metin í hlutfalli við aðrar íþróttagreinar t.d. við úthlutun styrkja og stuðnings þá eru Felix tölurnar lagðar til grundvallar. Gerum því okkar grein gott með góðri skráningu í Felix.

Íþróttamaður og kona ársins. María Guðsteinsdóttir var kjörin kraftlyftingakona ársins og Auðunn Jónsson kraftlyftingamaður ársins. María varð t.d. Norðurlandameistari á NM í Noregi í ágúst og Auðunn er nú í 8. sæti á heimslistanum í kraftlyftingum.

Styrkjamál. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum upp á kr. 500.000 til KRAFT v. Auðuns Jónssonar á árinu og kr. 200.000 til Maríu Guðsteinsdóttur. Olympíufjölskyldan úthlutaði sambandinu kr. 220.000 til þátttöku í mótum á árinu og hefur þannig verið mögulegt að greiða móta -og lyfjaprófunargjöld fyrir þá sem taka þátt í mótum erlendis á vegum sambandsins. Kristján Gunnarsson og Gry Ek Gunnarsson styrktu sambandið um kr. 200.000 svo María Guðsteinsdóttir gæti tekið þátt í HM í Suður Afríku í nóvember og nú hefur sambandinu borist ferðastyrkur vegna þátttöku Auðuns Jónssonar í Arnold Classic í boði IPF sem fer fram í mars. Enn fremur bárust sambandinu tveir ferðastyrkir í formi farmiða til London fyrir þau Auðunn og Maríu v. HM í Suður Afríku og ÍSÍ styrkti enn fremur sambandið með tveimur farmiðum v. heimsókna til félaga hér innanlands. Heildar tekjur v. styrkja nema því vel á aðra milljón. Þetta eru nýjir fjármunir inn í greinina sem bárust okkur ekki áður þá þegar sambandið stóð utan ÍSÍ og eitt af því sem áþreifanlegt er sem árangur af inngöngu okkar í ÍSÍ.

Í tengslum við EM í Svíþjóð var haldið ársþing EPF og sótti undirritaður þingið. Nokkuð er síðan Ísland sendi fulltrúa á þingið og voru móttökurnar sem ég fékk þar frábærar og við boðin hjartanlega velkomin á nýjan leik. Eitt af því sem rætt var á þinginu var að hleypa meiri krafti í NPF. Nýr formaður hefur tekið við og Ísland á nú fulltrúa í stjórn þess sambands sem er Gry Ek Gunnarsson og hefur hún m.a. tekið að sér vefsíðu sambandsins.

Nokkur vinna hefur verið leyst af hendi hvað varðar mótareglur og litu nýjar reglur dagsins ljós nú í haust. Einnig hafa verið settar reglur um félagaskipti. Uppfærð hefur verið íslensk þýðing á IPF Technical Rules . Á næstunni þarf að endurskoða og semja reglur í ýmsum málaflokkum. Ég vil þakka þeim Helga Haukssyni og Herði Magnússyni dómurum fyrir þeirra framlag við þessa vinnu.

Landsliðsmál. Málefni landsliðs Íslands í kraftlyftingum hefur verið til umfjöllunar í stjórn sambandsins. Sú breyting mun verða á að efnilegir einstaklingar verða valdir í landslið KRAFT og hugmyndir eru uppi um að ráða landsliðsþjálfara sem muni halda utan um æfingar og undirbúning landsliðsmanna.

Dómaramál. Mikilvægt er fyrir félögin að eiga á að skipa góðum hópi dómara og einnig er mikilvægt fyrir okkur að hafa á að skipa alþjóðadómurum. Við eigum nú tvo aðlþjóðadómara þá Helga Hauksson og Hörð Magnússon. Þeir Helgi og Hörður endurskoðuðu og uppfærðu dómaraalistann á árinu en við þurfum að fjölga bæði innlendum

og alþjóðadómurum. Í tengslum við EM í Svíþjóð var haldin vinnustofa eða námskeið fyrir alþjóðadómara og í framhaldi af því endurnýjuðu alþjóðadómarar síðan réttindi sín með prófi. Helgi Hauksson tók þátt í þessari vinnustofu og endurnýjaði síðan sín réttindi með próftöku á mótinu. Stjórnin hefur mótað þá stefnu að við þurfum að eiga í það minnsta 3 einstaklinga með alþjóðleg dómararéttindi. Helst þyrftu þeir að vera 5. Þetta er eitt af verkefnum 2011 og 2012.

Lyfjamálin hafa verið mikið í brennidepli. Eins og okkur er kunnugt voru það lyfjamálin sem einna helst ýttu þeirri þróun af stað að gamla kraftlyftingasambandið var lagt niður og nýtt stofnað. Lyfjamálin eru ekkert sérstaklega mikilvæg eða uppi á borðinu í kraftlyftingum. Langt því frá. Lyfjamálinu eru mikið áhersluatriði í nánast öllum íþróttagreinum alls staðar í íþróttahéimnum. Við höfum átt mjög gott samstarf við lyfjanefnd ÍSí og starfsmenn hennar. Framkvæmd hafa verið á þriðja tug prófa á kraftlyftingamönnum og hafa þau öll komið mjög vel út. Þessi mál eru í góðu standi hjá okkur og getum við verið stolt af því.

Fjölmíðlamál hafa verið nokkuð til umfjöllunnar hjá okkur í stjórninni. Mikilvægt er að auka umfjöllun um kraftlyftingar og hefur það tekist að nokkru. Áður fyrr fjölluðu fréttastofurnar lítið um kraftlyftingar en eftir að við komum í ÍSí er annað hljóð í strokknum. Þetta mál byggist mikið einnig á okkur. T.d. þarf að dreifa fréttatilkynningum frá félögum þegar þau halda mót og fylgja þeim eftir með símtölum. Gangi ykkur vel í því efni.

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Nú á nýju ári förum við að komast inn í tekjustrauma ÍSí s.s. Lottótekjur, sambandstyrki ofl. Þannig að fjárhagsstaða sambandsins ætti að geta styrkst til muna.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég þakka fyrir allan þann stuðning og traust sem ég sem formaður og stjórnin hefur fengið að njóta af ykkar hálfu. Árið hefur verið mjög skemmtilegt og við erum að byggja upp gott samband. Ég hef setið í mörgum góðum stjórnnum og ráðum í gegn um tíðina en sá hópur sem skipar núverandi stjórn KRAFT er einn sá besti. Einstaklingarnir eru ólíkir og koma úr ýmsum áttum en mynda mjög sterka og einhuga heild þar sem hver og einn kemur með sína sérþekkingu og styrkleika að borðinu. Eitt er sameiginlegt og það er áhugi á framgangi kraftlyftinga. Það er málið. Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Ykkur þingfulltrúum þakka ég traustið.

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Kári Rafn Karlsson lagði fram og skýrði endurskoðaða reikninga og svaraði spurningum um þá. Hann kynnti um leið fjárhagsáætlun fyrir 2011. Hér má sjá helstu tölur. Skýringar í viðlögðu skjali.

KRAFT

Ársreikningur 2010

Rekstur

Tekjur:

Styrkir	1.002.420
Mótsgjöld	293.000
Samtals tekjur	<u>1.295.420</u>

Gjöld:

Styrkir og þóknanir	789.999
Kostnaður vegna móla	383.995
Gjaldfærð áhöld og búnaður	370.210
Annar kostnaður	82.870
	<u>1.627.074</u>

Tap / gjöld umfram tekjur 331.654

Efnahagur

Eignir:

Farseðlar	339.720
Bankainnistæða	30.103
Samtals eignir	<u><u>369.823</u></u>

Eigið fé:

Tap ársins	<u>-331.654</u>
------------	-----------------

Skuldir:

Lánardrottinnar	<u>701.477</u>
-----------------	----------------

Samtals skuldir og eigið fé 369.823

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði

Nokkrar umræður urðu um skýrslu stjórnar.

Bryndís Ólafsdóttir bar upp spurningu um styrkjakerfi ÍSÍ og umsóknir í afrekssjóði. Guðjón Hafliðason skýrði ferlið varðandi styrki úr afrekssjóðum. Sigurjón hvatti öll félög til að kynna sér styrkjakerfi ÍSÍ vel og nýta sér það.

Fannar Dagbjartsson spurði um stefnu stjórnar í landsliðsmálum. Sigurjón svaraði að eitt af forgangsverkefnum stjórnar á næstunni væri að móta reglur varðandi þjálfun og val keppenda í landsliði. Stefnan væri að styðja við landslið unglinga og öldunga jafnframt opnum flokki.

Reikningar voru bornir undir atkvæði og samþykktir

12. Stjórn KRAFT leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár

Þetta var afgreitt undir lið 10.

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.

Engar tillögur lágu fyrir.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar.

Engar tillögur bárust þinginu innan tilskilins frests.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Engin mál voru lögð fyrir þingnefndir.

16. Ákveða þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Stjórnin lagði fram tillögu um keppnisgjald kr. 4000,- á kraftlyftingamótum og kr. 2500,- á mótum í einstökum greinum.

Tillaga hafði borist frá Massa um kr. 3000,- og kr. 1500,- jafnframt því að allir keppendur greiði kr. 5000,- á ári til sambandsins.

Tillaga stjórnar var samþykkt með miklum meirihluti og skulu því keppnisgjöld fyrir árið 2011 vera kr. 4000,- og kr. 2500,-

Undir þessum lið urðu miklar umræður um kostnað við mótahald og hver væri ábyrgð og verkefni mótshaldara og hver væri aðkoma sambandsins á stærri mótum.

Þingið samþykkti eftirfarandi ályktun:

Kraftlyftingabing haldið 29.janúar 2011 á Akranesi beinir þeim tilmælum til stjórnar að hún vinni að því að fastir starfsmenn s.s. dómarar sem starfa á mótum sem félögin halda í umboði sambandsins verði starfsmenn sambandsins.

17. Önnur mál

a)

Ingi Stefán Guðmundsson spurði hvort það væri stefna stjórnar að láta lyfjaprófa Íslandsmet.

Guðjón svaraði að gott samstarf væri við lyfjaeftirlitið og allir keppendur væru undir lyfjalögsögu ÍSÍ. Kostnaður við lyfjapróf væri það mikil að það væri ekki á færi KRAFT að svo stöddu að kaupa lyfjapróf við hvert sett met hvað sem síðar kann að verða.

b)

Halldór Eyþórsson lagði fram tillögu um að skráningarfyrirkomulag á mótum yrði breytt þannig að hafðir yrði tveir skráningardagar, fyrsta skráning þrjár vikur fyrir mót og endanleg skráning og greiðsla keppnisgjalda tvær vikur fyrir mót.

Frá Massa barst tillaga um sama efni þar sem lagt yrði til að einstaklingar gætu skráð sig sjálfir á netinu og félögin síðan gengið frá endanlegri skráningu tvær vikur fyrir mót.

Fjörugar umræður urðu um þessi mál og ákvað þingið að beina því til stjórnar að vinna úr þeim hugmyndum sem komu fram.

c)

Grétar Skúli Gunnarsson, benti þingfulltrúum á kosti þess að halda líka innanfélagsmót sem væri minni í sniðum en gæti haft mikið gildi fyrir því.

d)

Bryndís Ólafsdóttir sagði frá því að í undirbúningi væri þjálfun unglunga hjá félaginu á Selfossi og stefnan væri að uppfylla skilyrðum ÍSÍ um fyrirmyndarfélag.

Guðjón sagði þessar hugmyndir mjög samrýmast markmiðum KRAFT um unglíngastarf.

Sturla upplýsti að Massi hefur boðið upp á markvissa þjálfun fyrir 14-16 ára tvisvar í viku sl. vetur og hafi það heppnast mjög vel.

e)

Þingforseti tók til máls og undirstrikaði að styrktarþjálfun er mikilvæg í öllum íþróttum og almennri heilsurækt og að hér væri möguleika fyrir kraftlyftingafélög að koma sinni sérþekkingu á framfæri og jafnvel hafa tekjur af.

Þingið vísaði því til stjórnar og fræðslunefnd KRAFT að vinna í að koma sérþekkingu kraftlyftingamanna á framfæri svo hún nýtist sem flestum.

f)

Kraftlyftingadeild UMFN Massi lagði fram tillögu um að sett yrði lágmark á Íslandsmótum framvegis. Tillögunni vísað til stjórnar.

g)

Fram kom tillaga frá Halldóri E.S. Jónhildarsyni, Breiðabliki, svohljóðandi

“ÍSLENSK og ensk heiti hinna nýju IPF-þyngdarflokka (tillögur):

ALSHERJARÞING Alþjóðakraftlyftingasambandsins International Powerlifting Federation (IPF), er haldið var á HM2010 í háskólaborginni Potchefstroom (Suður-Afríku), ákvað framtíðarvænar breytingar á þyngdarflokkum í löglegum alþjóðlegum kraftlyftingum sem gildi taka eftir nokkra daga eða þann 1. Janúar 2011.

Þessar góðu breytingar, ákvarðaðar á yfirþjóðlegu valdsviði IPF, hvetja löglega kraftlyftingaiþróttamenn til að huga að heilsu sinni og úmynd íþróttarinnar meðal almennings. Það stefnumið IPF einnig samkvæmt Lögum IPF, Íþróttalögunum nr. 64/1998, Lögum ÍSÍ, Lögum UMFÍ og Lögum Kraftlyftingasambands Íslands sem og yfirþjóðlegum Lögum og Reglum Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunar – World Anti-Doping Agency (WADA).

Sjá hér veflykil á eldri fréttagrein á vef Kraftlyftingadeildar – hér:

http://www.breidablik.is/frett.php?id_frett=7272&b=1

Sjá hér glæsivef Kraftlyftingasambands Íslands (Lokabínggerð Alsherjarþings IPF 2010

(Potchefstroom – Suður-Afríku) – veflykill: <http://kraft.is/þinggerð-ipf-2010/> ► Sjá einnig hér veflykil á eldri fræðigreini hér á Kraftlyftingadeildar – sjá:

http://www.breidablik.is/frett.php?id_frett=7240&b=1

ADDENDUM (26. Og 27.12.2010): ► Vefur – Sport.is – veflykill:

<http://www.sport.is/ithrottir/2010/12/27/kraftlyftingar-nyir-heimsmetastadlar-2011/>

Það hefur vakið nokkra athygli að Alsherjarþing IPF ákvarðaði að teknir skyldu upp 105 kg. Og 120 kg. Þyngdarflokkur en ekki t.d. nýr 130 kg. Þyngdarflokkur. Þetta má réttilega túlka sem vísbendingu frá aðildarþjóðum IPF að það sé löglegum alþjóðlegum kraftlyftingum til framgangs að kraftlyftingaiþróttakarlmennt verði sem stæltastir og að hæfilegt sé að þeir vigtist í mesta lagi undir 150 kg. Í yfirþungavigt í karlaflokki – það sama á við að breyttum breytanda (mutatis mutandis) um kraftlyftingaiþróttakonur. Það tryggir betur glæsilega ímynd löglegra kraftlyftinga í huga almennings ef kraftlyftingaiþróttaiðkendum eru íþróttalegir í yfirbragði og í átökum.

Sjá hér varðandi eldri fræðigreini á vef Kraftlyftingadeildar um þessi stælingarefni – veflykill:

http://www.breidablik.is/frett.php?id_frett=7395&b=1

Hér á eftir fara tillögur vefstjóra Kraftlyftingadeildar Breiðabliks um íslensk heiti hinna nýju IPF-þyngdarflokka sem að nokkru eru nýheiti en einnig byggð á eldri málnotkun kraftlyftingaiþróttamanna.

Þá fylgja innan sviga ensk heiti sömu þyngdarflokka sem byggja á sama málhefðargrunni en nokkur ensk nýheiti eru notuð sem kynna má á vettvangi IPF því að enska tungumálið er betur móttækilegt fyrir nýyrðum en nokkurt annað tungumál.

HEITI KEPPNISFLOKKA IPF frá og með 1. Janúar 2011 (tillögur):

Konur:

43 kg. = lágmarksvigt (minimum-weight) [eingöngu stúlknaflokkur (til og með 18 ára aldri)]

47 kg. = laufvigt (leaf-weight)

52 kg. = fluguvigt (fly-weight)

57 kg. = léttvigt (light-weight)

63 kg. = millivigt (middle-weight)

72 kg. = milli-þungavigt (middle-heavy weight eða cruiser-weight)

84 kg. = þungavigt (heavy-weight)

+84 kg. = yfirþungavigt (super-heavyweight)

Karlar:

53 kg. = lágmarksvigt (minimum-weight) [eingöngu drengjaflokkur (til og með 18. Ára aldri)]

59 kg. = laufvigt (leaf-weight)

66 kg. = fluguvigt (fly-weight)

74 kg. = léttvigt (light-weight)

83 kg. = millivigt (middle-weight)

93 kg. = milliþungavigt (middle-heavy weight eða cruiser-weight)

105 kg. = þungavigt (heavy-weight)

120 kg. = miðþungavigt (heavy-mid weight)

+120 kg. = yfirþungavigt (super-heavyweight)

Það væri löglegum íslenskum kraftlyftingum til framdráttar, undir lögsögu Kraftlyftingasambands Íslands, ef þessi heiti hinum nýju þyngdarflokkum fengju málfestu í íslensku kraftaiþróttamáli, einkum ef þessi þyngdarflokkaheiti verða notuð samhliða tilvísun til þyngdarflokka kraftlyftingaiþróttamanna í kílógrömmum.

Tillögunni vísað til stjórnar.

18. Kosning stjórnar

Kjósa átti formann og þrjá varamenn til eins ár.

Sigurjón Pétursson var endurkjörinn formaður til eins árs með lófataki. Engar aðrar tillögur bárust.

Auðunn Jónsson, Einar Már Ríkarðsson og Hjalti Árnason voru endurkjörnir varamenn til eins árs með lófataki. Engar aðrar tillögur bárust.

19. Kosning 2 endurskoðenda/skoðunarmanna og 2 til vara

Aðalmennirnir Jóhann Pétur Sturluson og Páll Helgason og varamennirnir Haukur Guðmundsson og Helgi Briem voru endurkjörnir með lófataki. Engar aðrar tillögur bárust.

20. Kosning fulltrúa á íþróttahing ÍSÍ

Kraftlyftingasambandið á tvo fulltrúa á þingið og var gerð tillaga um að Sigurjón Péturson formaður og Guðjón Hafliðason varaformaður sitji þingið fyrir hönd KRAFT.

Tillagan var samþykkt.

Hjalti Árnason benti á að sambandið ætti að stuðla að jafnri þátttöku karla og kvenna í störfum sambandsins og hafa það í huga við tilnefningar og kosningar í embætti.

21. Þingslit

Sigurjón tók við stjórn þingsins og þakkaði þingforseta og þingfulltrúum fyrir störfin og ánægjulegt og gagnlegt þing. Hann þakkaði traustið sem sér og stjórninni hafði verið sýnt og sleit þinginu kl. 19.15.

Að afloknu þingi voru afhent heiðursviðurkenningar til kraftlyftingakonu og –karls ársins 2010, þeirra Maríu Guðsteinsdóttur og Auðuns Jónssonar. María var viðstödd en Halldór Eypórsson tók við viðurkenningu f.h. Auðuns.

Þingfulltrúum risu úr sætum og fögnuðu afrekum þeirra með lófataki.

Þingritari

Gry Ek Gunnarsson